

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Sólaralir ehf.  
kt. 450316-0590

Starfsstöð: Fremri Nýpur, náma við Skógarlón (nr. E2), 691  
Vopnafirði

Gildistími: frá 15.05.2024 til 15.05.2036

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Efnistöku**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda á hverjum tíma sem og:

- Starfsleyfisskilyrðum fyrir efnistöku sem koma fram í fylgiskjali I**
- Almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi sem koma fram í fylgiskjali II**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Kjartan Róbertsson  
heilbrigðisfulltrúi

## Fylgiskjal I

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

## efnistöku

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

### 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir vinnslu jarðefna úr malar-, vikur, grjót- og sandnámum, þ.m.t. hörpun og grófvinnslu efnis.
- 1.2 Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.3 Starfsleyfishafi skal tryggja að starfsemin sé í samræmi við gildandi skipulag og samþykkt notkun fasteigna. Jafnframt skal starfsleyfishafi sjá til þess að farið sé að öllum skilyrðum sem fram koma í niðurstöðum umhverfismats, hafi það farið fram, fyrirmælum í framkvæmdaleyfi viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórnar og ákvæðum starfsleyfisskilyrða þessa við frágang efnistökusvæðis.
- 1.4 Starfsleyfishafi skal veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðisnefndar, ber starfsleyfishafa að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.5 Tilkynna skal heilbrigðisnefnd ef starfsemi er lögð niður eða eigendaskipti verða. Starfsleyfishafa er jafnframt skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði rekstraraðila í viðunandi horf, að mati heilbrigðisnefndar, ef rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.
- 1.6 Starfsleyfishafi skal tilnefna sérstakan ábyrgðarmann fyrir umhverfismálum gagnvart heilbrigðisnefnd.
- 1.7 Starfsleyfishafi skal hafa eigið eftirlit og skráningu þar sem kemur m.a.:
  - Fjöldi efnistökuastaða, hnitsett staðsetning, efnistegund og vinnslumagn.
  - Upplýsingar um nöfn verktaka sem stunda efnistöku í námum sem starfsleyfið nær til.
  - Fjöldi olíutanka, olíuáfyllingarsvæða, olíuskilja, magn olíuefna og rýrnun.
  - Atvik er varða mengunarvarnir rekstraraðila s.s. rekstur og viðhald á mengunarvarnabúnaði, bilanir, mengunaróhöpp og kvartanir m.t.t. umhverfismála.
  - Notkun, flutning og förgun spilliefna, br. reglugerð um spilliefni nr. 806/1999.
  - Magn olíusora og sands í olíuskiljum, mælt við reglulegt eftirlit, dagsetningar tæminga, magn og nafn dæluaðila.

*Heilbrigðisfulltrúar skulu hafa aðgang að ofangreindum skráningum.*

## 2. MENGUNARVARNIR

- 2.1 Olíuáfyllingar og olíuskipti á þungavinnuvélum skulu eingöngu fara fram á olíuheldu áfyllingsplani með frárennsli sem leitt er í olíuskilju. Heilbrigðisnefnd getur, ef aðstæður leyfa, samþykkt annan búnað sem uppfyllir markmið um ásættanlegar mengunarvarnir.
- 2.2 Gæta skal ýrustu varúðar við meðferð olíu og við olíuáfyllingar. Ísogsbúnaður og/eða ísogsefni skal hafa til taks og nota ef spilliefni hellast niður. Verði vart við olíuleka skal strax brugðist við, mengaður jarðvegur fjarlægður og heilbrigðisnefnd tilkynnt um atburðinn. Fari niður meiri olía en svo að starfsmenn ráði við að fjarlægja hana strax, skal slökkviliði þegar gert viðvart í neyðarsíma 112. Um ábyrgð á umhverfistjóni af völdum atvinnustarfsemi eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni gilda lög um umhverfisábyrgð
- 2.3 Allt frárennsli sem getur verið mengað af olíuefnum skal leitt í olíuskilju. Olíuskiljur skulu tæmdar eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári, og olíusora skilað til móttökustöðvar fyrir slíkan úrgang.
- 2.4 Olíutankar skulu ávallt vera í þróm eða staðsettir á öruggan hátt á olíuheldu plani með afrennsli í samþykka olíuskilju. Olíutankar skulu búnir yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingarvörn. Tryggt skal að olía renni ekki út í umhverfið þó lagnir bresti. Afla þarf samþykkis byggingafulltrúa og heilbrigðiseftirlits fyrir, staðsetningu, stærð og frágangi olíutanka. Sama gildir um frágang á áfyllingsplani og olíuskilju. Olíubirgðatankar stærri en 10.000 lítra þurfa sér úttekt Umhverfisstofnunar.
- 2.5 Díselrafstöðvar skulu staðsettar innandyra og með öruggri lekavörn.
- 2.6 Ekki skal geyma meira en nauðsynlegt er vegna skammtímanotkunar af smurolíum á svæðinu.
- 2.7 Úrgangsolía, notaðar olíusúr og rafgeymar eru spilliefni sem á að fara með í viðurkennda förgun. Geymsla á þessum efnum ásamt málningu, málningarafgöngum og smurolíum og smurfeiti skal vera á öruggum stað innan dyra.
- 2.8 Fyrir olíubirgðatanka og lagnir gilda ákvæði reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 884/2017, með síðari breytingum.
- 2.9 Verktakar skulu ekki geyma olíubirgðir á efnistökusvæðum eftir að vinnsla er lokið.

## 3. AÐKOMA OG FRÁGANGUR

- 3.1 Yfirbragð efnistökusvæðis skal vera snyrtilegt og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 3.2 Við efnistöku og frágang skal fylgja leiðbeiningunum: *Námur –efnistaka og frágangur*, sem umhverfisráðuneyti o.fl. gáfu út árið 2002
- 3.3 Flytja skal allan úrgang sem fellur til við starfsemina jafnóðum frá námusvæðum og koma í viðurkennda förgun. Öll brennsla og urðun úrgangs er bönnuð á námusvæðum.
- 3.4 Rekstraraðili skal sjá til þess að fjarlægður sé jafnóðum allur búnaður og hlutir sem kunna að berast inn á svæðið og eru rekstrinum óviðkomandi.
- 3.5 Þess skal gætt að starfsemin valdi ekki öðrum óþarfa ónæði eða hávaða og að foggjörn jarðefni valdi ekki skaða eða röskun á umhverfi utan vinnslusvæðis. Ef þörf er á skal skerma jarðefni af.

- 3.6 Pungavinnutæki skulu ávallt hafa gild skoðunarskírteini. Eingöngu brýnustu viðgerðir til að forða tjóni eða umhverfismengun mega fara fram á svæðinu. Tæki skulu að jafnaði flutt af svæðinu til viðgerða.
- 3.7 Á efnistökusvæðinu skulu hvergi myndast óparfa tjarnir. Ef hætta er á að ár og lækir mengist skal grípa til viðeigandi ráðstafana, t.d. með því að leiða vatnið í gegnum settjarnir eða síubeð, eða aðra hreinsun sem heilbrigðisnefnd telur þörf á.
- 3.8 Mengist jarðvegur vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé fjarlægður og/eða meðhöndlaður í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar<sup>1</sup> nr. 8 frá 1998 um meðferð á olíumenguðum jarðvegi.
- 3.9 Fráveituvatn frá eldunar- og salernisaðstöðu skal leiða í safntank, rotþró eða fráveitukerfi sveitarfélags. 798/1999
- 3.10 Fylgja þarf reglum Vinnueftirlits ríkisins varðandi meðferð og geymslu sprengiefnis.

*Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum: Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 75/2003 um brunavarnir, lögum nr. 55/0212 um umhverfisábyrgð, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 8/2009 um skoðun ökutækja, auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.*

<sup>1</sup> Gefin út af þáverandi stofnun (Hollustuvernd ríkisins)

## Fylgiskjal II

**ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI**

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

**1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ**

1.1 Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða ef starfsemin flytur.

1.2 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.3 Í starfsleyfi eru skráðar sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla. (reglugerð 550/2018)

1.4 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.

1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.

1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.

1.7 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

**2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI**

2.1 Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát.

2.2 Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.

2.3 Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.

2.4 Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olútanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

2.5 Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.

### 3. MENGUNARVARNIR

3.1 Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

3.2 Lofttræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.

3.3 Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennislagna skulu vera tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

3.4 Við meðferð alls úrgangs verði þess gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.

3.5 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

3.6 Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.

3.7 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnunum ósonlagsins.

3.8 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndur sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.

3.9 Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögð a.m.k. einu sinni á ári.

### 4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

4.2 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.

4.3 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.

4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi.

Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.

4.5 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.

4.6 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.

4.7 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.

## 5. EFTIRLIT

5.1 Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

*Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum: Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.*

15. maí 2024

## Greinargerð vegna starfsleyfisvinnslu – Efnistaka úr námu nr. E2, við Fremri Nýpur Vopnafirði

Umsókn um starfsleyfi vegna efnistöku úr námu merktri nr. E2 við Fremri Nýpur í Vopnafirði á aðalskipulagi Vopnafjarðar 2006-2026, barst þann 25.4 .sl umsækjandi var Sólarsalir ehf., kt. 450316-0590.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu HAUST þann 27.3.2024, 4 vikna frestur til að skila inn athugasemdum rann því út þann 24.4.2024 sl.

Í umsögn frá Vopnafjarðarhreppi kom fram að fyrirhuguð áform væru í samræmi við skipulagsskilmála aðalskipulag.

Engar athugasemdir bárust á umsagnartíma og var starfsleyfi útgefið í dag með gildistíma í 12 ár.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllst



Kjartan Róbertsson  
heilbrigðisfulltrúi